

## Minnisblað

**Viðtakandi:** Bæjarráð

**Efni:** Upplýsingar um tilfærslu milli liða innan fjárhagsáætlunar 2025 í tengslum við lækkun á kostnaði

**Dags:** 17. mars 2025

**Málsnúmer:** 202503262/-

**Sendandi:** Regína Ásvaldsdóttir, bæjarstjóri

Við afgreiðslu fjárhagsáætlunar 2025 var samþykkt að farið yrði í vinnu við að draga úr rekstrarkostnaði um 200 m.kr. Gert var ráð fyrir þessari lækkun kostnaðar á miðlægri fjárhagsdeild.

Í framhaldi af samþykkt fjárhagsáætlunar hófu öll svið rýningu á fjárhagsáætlun 2025 með það að markmiði að leita leiða til að draga úr rekstrarkostnaði án þess að það leiddi til skerðingar á þjónustu eða samþykktum verkefnum. Vinna sem þessi er stöðugt í gangi og kemur yfirleitt fram í tillögum að fjárhagsáætlun hvers árs.

Áætluð rekstrargjöld ársins 2025 samkvæmt fjárhagsáætlun eru 20.244 m.kr. sem er aukning um 1.489 m.kr. frá árinu 2024. Markmiðið var því að draga úr kostnaði um 200 m.kr. eða um 1% sem eru 13% af hækkun áætlaðs rekstrarkostnaðar milli ára.

Við rýningu sviðanna var leitað leiða við að finna möguleika á lækkun kostnaðar sem gat verið allt frá því að finna hagkvæmari þjónustulausnir, samræmingu þjónustustigs til þess að lagfæra ofáætlanir og skekkjur.

Í framhaldi af þeirri rýningu er fyrirhugað að leggja fyrir bæjarráð tillögu að breytingu á fjárhagsáætlun í formi viðauka við fjárhagsáætlun sem felist í tilfærslu á milli liða, þ.e. fært af miðlægri fjárhagsdeild og inn á eftirfarandi fjárhagsdeildir innan rekstraráætlunar aðalsjóðs og þjónustustöðvar. Eftirfarandi tilfærsla hefur hvorki áhrif á rekstrarniðurstöðu né handbært eigið fé sveitarfélagsins.

| Deild | Heiti fjárhagsdeildar                  | Tegund breytinga         | Fjárhæð     |
|-------|--|--------------------------|-------------|
| 02150 | Stuðningsþjónusta - einstaklingsstuðn. | Lækkun launakostnaðar    | -7.922.945  |
| 02180 | Húsnæðisstuðningur og úrræði           | Lækkun rekstrarkostnaðar | -3.000.000  |
| 02520 | NPA þjónusta                           | Lækkun rekstrarkostnaðar | -36.000.000 |
| 02567 | Heimili fyrir börn                     | Lækkun launakostnaðar    | -4.961.660  |
| 02569 | Frístundaklúbburinn Úlfurinn           | Lækkun launakostnaðar    | -4.961.660  |
| 02xxx | Ýmsir búsetukjarnar                    | Lækkun rekstrarkostnaðar | -3.000.000  |
| 04020 | Skrifstofa fræðsluviðs                 | Lækkun launakostnaðar    | -10.300.000 |
| 04020 | Skrifstofa fræðsluviðs                 | Lækkun rekstrarkostnaðar | -10.275.150 |
| 04201 | Varmárskóli                            | Lækkun launakostnaðar    | -17.400.000 |
| 04202 | Kvísarskóli                            | Lækkun launakostnaðar    | -7.848.000  |
| 04202 | Kvísarskóli                            | Lækkun rekstrarkostnaðar | -4.852.000  |
| 04203 | Krikaskóli                             | Lækkun launakostnaðar    | -5.464.488  |
| 04203 | Krikaskóli                             | Lækkun rekstrarkostnaðar | -1.183.723  |
| 04205 | Lágafellsskóli                         | Lækkun launakostnaðar    | -18.720.000 |

|                                  |                                  |                          |                  |
|----------------------------------|----------------------------------|--------------------------|------------------|
| 04205                            | Lágafellsskóli                   | Lækkun rekstrarkostnaðar | -4.000.000       |
| 04206                            | Helgafellsskóli                  | Lækkun launakostnaðar    | -11.498.175      |
| 04206                            | Helgafellsskóli                  | Lækkun rekstrarkostnaðar | -6.004.464       |
| 05220                            | Bókasafn/Listasalur              | Lækkun rekstrarkostnaðar | -400.000         |
| 05730                            | Jól, áramót, þrettándi           | Lækkun rekstrarkostnaðar | -850.000         |
| 05740                            | Í túninu heima                   | Lækkun rekstrarkostnaðar | -3.500.000       |
| 05790                            | Ýmis hátíðahöld                  | Lækkun rekstrarkostnaðar | -2.500.000       |
| 06020                            | Skrifstofa frístundasviðs        | Lækkun rekstrarkostnaðar | -3.950.000       |
| 06510                            | Íþróttamiðstöðin Varmá           | Lækkun launakostnaðar    | -8.107.736       |
| 21070                            | Endurskoðun                      | Lækkun rekstrarkostnaðar | -3.000.000       |
| 21440                            | Skrifstofa bæjarlögmanns         | Lækkun rekstrarkostnaðar | -3.000.000       |
| 21445                            | Skrifstofa umbóta og þróunar     | Lækkun rekstrarkostnaðar | -7.000.000       |
| 21445                            | Skrifstofa umbóta og þróunar     | Lækkun rekstrarkostnaðar | -3.000.000       |
| 21710                            | Vinabæjartengsl                  | Lækkun rekstrarkostnaðar | -300.000         |
| 33210                            | Þjónustustöð                     | Lækkun launakostnaðar    | -7.000.000       |
| 21820                            | Óviss útgjöld / lækkun kostnaðar | Breyting launakostnaðar  | 200.000.000      |
| <b>Engin áhrif á handbært fé</b> |                                  |                          | <b>Samtals 0</b> |

*Virðingarfyllt,  
Regína Ásvaldsdóttir*